

## D Ó M U R

Héraðsdóms Vestfjarða 31. mars 2007 í máli nr. E-139/2006:

**Útgerðarfélagið Örkin sf.**

*(Pétur Kristinsson hdl.)*

**gegn**

**Björgvini Bjarnasyni**

*(Halldór Þ. Birgisson hrl.)*

Mál þetta, sem dómtekið var 23. mars sl., höfðaði stefnandi, Útgerðarfélagið Örkin sf., Hlíðarstræti 7, Bolungarvík, hinn 2. júní 2006, gegn stefnda, Björgvini Bjarnasyni, Hjallastræti 14, Bolungarvík.

Kröfur stefnanda eru í fyrsta lagi að viðurkennt verði með dómi að stefndi beri skaðabótaábyrgð gagnvart stefnanda. Í öðru lagi krefst stefnandi þess að stefndi verði á grundvelli skaðabótaábyrgðarinnar dæmdur til að greiða stefnanda skaðabætur að fjárhæð 2.083.720 krónur með vöxtum skv. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 1. október 2003 til 4. júní 2004, en dráttarvöxtum skv. 9. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst stefnandi málskostnaðar.

Kröfur stefnda eru aðallega að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og stefnandi dæmdur til greiðslu málskostnaðar. Til vara krefst stefndi þess að kröfur stefnanda verði lækkaðar verulega og málskostnaður felldur niður.

I.

Stefndi var eigandi og stjórnarmaður Útgerðarfélagins Fells ehf. sem rak útgerð og síðar fiskvinnslu í Bolungarvík frá árinu 1995 til áramóta 2003/2004.

Samkvæmt gögnum málsins var rekstur Útgerðarfélagins Fells ehf. erfiður á árunum 2001 og 2002 og til að mynda voru 6. febrúar 2002 gerð tvö árangurslaus fjárnám hjá félaginu. Ekki urðu þau fjárnám þó til þess að rekstur félagsins stöðvaðist.

Fram kemur í framlögðum ársreikningi Útgerðarfélagins Fells ehf. fyrir árið 2002 að það ár hafi rekstrartekjur félagsins numið 119.521.534 krónum og var hagnaður þess af reglulegri starfsemi fyrir afskriftir 1.935.695 krónur. Fjármagnsgjöld umfram fjármunatekjur á árinu voru 5.749.561 króna. Nam tap félagsins á árinu 5.750.253 krónum og var eigið fé þess í lok ársins neikvætt um 7.729.848 krónur.

Í ársreikningnum kemur einnig fram að árið 2001 námu rekstrartekjur félagsins 76.766.372 krónum og var hagnaður þess af reglulegri starfsemi fyrir afskriftir 179.892 krónur. Fjármagnsgjöld umfram fjármunatekjur á árinu voru 8.171.469 krónur. Nam tap félagsins á árinu 9.884.498 krónum og var eigið fé þess í lok ársins neikvætt um 1.979.595 krónur.

Vorið 2003 varð að samkomulagi milli stefnda og forsvarsmanns stefnanda, Guðmundar Óla Kristinssonar, að stefnandi legði afla bátsins Önnu Guðjóns ÍS upp hjá Útgerðarfélaginu Felli ehf. Umsamið fiskverð var svipað því sem var á fisk mörkuðum við upphaf viðskiptanna. Stefnandi lagði upp hjá félaginu á árinu 2003 á tímabilinu frá maí til ágúst. Fyrir liggur að stefnandi fékk ekki greitt að fullu frá félaginu fyrir afla sem hann lagði upp hjá því.

Hinn 29. janúar 2004 var Útgerðarfélagið Fell ehf. tekið til gjaldþrotaskipta með dómsúrskurði að kröfu Orkubús Vestfjarða. Stefnandi lýsti eftirstöðvum kröfu sinnar í búið. Af hálfu skiptastjóra var ekki tekin afstaða til almennra krafna en af framlagðri kröfulýsingarskrá má ráða að lýstar kröfur í búið hafi samtals verið að fjárhæð 31.551.480 krónur, þar af hafi samþykktar forgangskröfur numið 4.284.042 krónum. Skiptum á þrotabúinu er ekki lokið en samkvæmt yfirlýsingu skiptastjóra frá 19. apríl 2006 mun ekkert greiðast upp í almennar kröfur.

Samkvæmt skýrslu sem skiptastjóri þrotabús Útgerðarfélagsins Fells ehf. tók af stefnda 6. febrúar 2004 var ekki gerður ársreikningur fyrir félagið vegna ársins 2003.

## II.

Stefnandi segir ekki annað verða ráðið af tiltækum gögnum en fjárhagsstaða Útgerðarfélagsins Fells ehf. hafi lengi verið slæm. Félagið hafi verið rekið með tapi, eigið fé þess verið neikvætt, gerð hafi verið hjá því árangurslaus fjárnám og þá hafi félagið meðal annars ekki staðið skil á greiðslum til lífeyrissjóða. Á vanskilaskrá megi sjá um tuttugu færslur vegna félagsins á tímabilinu frá 29. janúar 2001 til 29. janúar 2004 er félagið hafi verið úrskurðað gjaldþrota. Þá komi fram í skýrslu, sem skiptastjóri þrotabúsins hafi tekið af stefnda í tilefni af gjaldþrotaskiptunum, að eigið fé félagsins hafi verið lítið er það hóf starfsemi 1995. Af þessu verði ekki annað ráðið en stefnda, stjórnanda félagsins, hafi jafnvel verið skylt, áður en til viðskiptanna var stofnað, að gefa bú félagsins upp til gjaldþrotaskipta, sbr. 64. gr. laga nr. 21/1991. Hvað sem því líði hafi honum að minnsta kosti borið að upplýsa viðskiptamenn félagsins um hina slæmu fjárhagsstöðu þess þannig að þeim væri ljós sú áhætta sem viðskiptunum fylgdi. Það hafi stefndi ekki gert en honum hljóti að hafa verið ljóst að ólíklegt væri að félagið gæti staðið við skuldbindingar sínar gagnvart stefnanda.

Stefnandi bendir á að hefði stefndi gefið bú Útgerðarfélagsins Fells ehf. upp til gjaldþrotaskipta áður en til umræddra viðskipta við stefnanda var stofnað, eða hefði hann upplýst stefnanda um hina slæmu fjárhagsstöðu félagsins, sé ljóst að til viðskiptanna hefði ekki verið stofnað og stefnandi ekki orðið fyrir tjóni.

Kröfu sína um viðurkenningu á skaðabótaábyrgð stefnda kveðst stefnandi byggja á því að stefnda hafi mátt vera ljóst þegar til viðskiptanna var stofnað að

fjárhagsstaða Útgerðarfélagins Fells ehf. væri með þeim hætti að ólíklegt væri að félagið gæti staðið við skuldbindingar sínar og greitt reikninga stefnanda. Með því að stofna til viðskiptanna undir þessum kringumstæðum, án þess að upplýsa stefnanda um hina slæmu fjárhagsstöðu félagsins, hafi stefndi með saknæmum og ólögum hætti bakað stefnanda tjón sem verið hafi sennileg afleiðing af stofnun viðskiptanna. Skilyrðum almennum skaðabótareglunnar um athöfn/athafnaleysi, saknæmi, ólögmati og sennilega afleiðingu hafi þannig verið fullnægt og því beri stefnda að bæta stefnanda það tjón sem hann hafi orðið fyrir.

Um umfang tjónsins vísar stefnandi til þess að eitt upplegg hans hjá Útgerðarfélaginu Felli ehf. frá því í júní 2003 sé ógreitt, tvö frá því í júlí 2003 og fjögur frá því ágúst 2003. Þegar viðskiptum stefnanda og félagsins hafi lokið hafi skuld þess við stefnanda þannig numið samtals 2.083.720 krónum sem sé það tjón hans er stefnda beri að bæta.

Vaxtakröfu sína kveðst stefnandi byggja á því að tjón hans hafi orðið þegar kröfur hans féllu í gjalddaga 1. október 2003. Stefnda beri því að greiða vexti skv. 8. gr. laga nr. 38/2001 frá þeim degi til 4. júní 2004, en dráttarvexti frá þeim degi, þ.e. þegar mánuður var liðinn frá því að skiptafundur var haldinn og upplýst að ólíklegt væri að nokkuð greiddist upp í kröfu stefnanda.

Til stuðnings kröfum sínum vísar stefnandi til þeirrar meginreglu skaðabótaréttarins að sá sem valdi tjóni sé bótaskyldur. Um fjárhæð bótaskyldunnar vísar stefnandi til almennra reglna skaðabótaréttarins um að sá sem valdi tjóni skuli bæta það og til almennra reglna kröfuréttarins. Um gjalddaga kröfunnar vísar hann einkum til laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu.

### III.

Stefndi heldur því fram að í öllum tilvikum skuli hafna viðurkenningarkröfu stefnanda. Þá beri mögulega að vísa þeirri kröfu frá dómi ex officio. Ákvæði 2. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991 miði við að leita megi viðurkenningardóms í stað dóms sem fullnægja megi með aðför en ekki að krafist sé viðurkenningardóms og aðfararhæfs dóms í einu og sama máli, vegna sömu kröfu. Verði fallist á skaðabótakröfu stefnanda liggja fyrir að dómurinn hafi viðurkennt sjónarmið stefnanda um bótaskyldu stefnda og sjálfstæð viðurkenningarkrafa sé því óþörf.

Meginkrafa stefnanda í málinu er að sögn stefnda um skaðabætur að fjárhæð 2.083.720 krónur. Ekki sé um að ræða kröfu sem samþykkt hafi verið við skipti á þrotabúi Útgerðarfélagins Fells ehf. Þá sé krafan studd ónógum gögnum. Málið sé því vanreifað hvað fjárhæðir og framsetningu kröfugerðar varðar en ljóst sé að stefndi hafi ekki aðgang að gögnum sem máli skipta um lögskipti stefnanda og Útgerðarfélagins Fells ehf. eftir gjaldþrot þess. Krafan sé því ódómhæf sem varði frávísun málsins ex officio.

Þá vísar stefndi jafnframt til þess hvað bótaskyldu varðar að ekki liggja fyrir hvert tjón stefnanda hafi raunverulega orðið. Þannig liggja ekki fyrir hvort krafan hafi verið afskrifuð við gerð ársreiknings 2003 eða síðar og virðisaukaskattshluti hennar af þeim sökum fengist endurgreiddur eða skattar lækkaðir sem leiða til minna tjóns. Fullyrðir stefndi að áhrif virðisaukaskatts á bótaskyldu til lækkunar séu 410.193 krónur.

Stefndi kveðst byggja sýknukröfu sína á því að skilyrði skaðabótaábyrgðar skorti í málinu. Útgerðarfélagið Fell ehf. hafi verið félag með takmarkaða ábyrgð og ábyrgð eigenda þess því takmarkast við hlutafé. Þá liggja fyrir að stefnandi byggji hvorki á því að brotið hafi verið gegn ákvæðum laga um einkahlutafélög nr. 138/1994 við starfsemi og rekstur félagsins né að brotið hafi verið gegn ákvæðum laga um gjaldþrotaskipti nr. 21/1991.

Stefndi kveðst alfarið mótmæla málatilbúnaði stefnanda. Hann segir það meginreglu skaðabótaréttarins að tjónþoli skuli bera tjón sitt sjálfur. Svo annar aðili verði látinn bera tjónið þurfi tjónþoli í fyrsta lagi að sanna umfang tjóns og í öðru lagi að skilyrði skaðabótaábyrgðar séu uppfyllt en stefndi mótmæli að svo sé. Einnig sé ljóst að framkvæmdastjóri beri ekki almenna bótaskyldu ef viðskipti milli félags með takmarkaða ábyrgð og þriðja manns bresti að fullu eða nokkru.

Fyrir liggja að 21. janúar 2004, samfara gjaldþroti Útgerðarfélagsins Fells ehf., hafi stefnandi kært stefnda til sýslumannsins í Bolungarvík fyrir meint svik. Af því tilefni hafi verið aflað álits skiptastjóra á því hvað stefnda hefði mátt vera ljóst um stöðu félagsins á haustmánuðum 2003. Svar skiptastjóra sé skýrt, eða að ekki verði fullyrt að stefnda hafi mátt vera ljóst að félagið gæti ekki staðið við skuldbindingar sínar. Lögreglurannsókn vegna meintra svika stefnda hafi því verið felld niður.

Stefndi heldur því fram að samkvæmt ársreikningi Útgerðarfélagsins Fells ehf. hafi afkoma félagsins það ár verið viðunandi. Félagið hafi skilað hagnaði af reglulegri starfsemi sinni og staðið í skilum þrátt fyrir að dráttur hafi orðið á greiðslum til einstakra aðila. Ekki hafi því reynt á þær fullnustuaðgerðir sem framkvæmdar hafi verið til að þrýsta á um greiðslu.

Til umræddra viðskipta aðila hafi verið stofnað sumarið 2003. Um sumarið hafi ytri aðstæður breyst vegna gengis og skilaverðs. Stefndi hafi við upphaf viðskiptanna ekki getað séð fyrir gengisþróun dollarans, sem sveiflast hafi um 15% þegar mest var um sumarið. Það hafi leitt til þess að skilaverð voru lægri þar sem lækkun á gengi dollarans hafi skilað lægra verði, auk þess sem lækkun á fiskverði í dollurum hafi haft áhrif á beina verðlækkun í evrum þar sem kaupverð í evrum hafi lækkað til samræmis við gengisbreytingar á dollaranum. Jafnframt hafi gæði fiskins reynst minni, los verið í holdi þess fisks er Útgerðarfélagið Fell ehf. keypti, sem leitt hafi til lækkana á áður umsömdu verði fyrir afurðirnar, meðal annars í formi afsláttar af sendingum sem þegar voru farnar úr landi til kaupenda.

Samkvæmt því sem að framan er rakið verði stefndi ekki sakaður um að hafa blekkst stefnanda til viðskipta gegn betri vitund. Þá sé upplýst að aðilar hafi áður átt viðskipti þar sem greiðslur hafi dregist og stefnandi sætt sig við það. Ennfremur liggja fyrir að ekki hafi verið krafist persónulegrar ábyrgðar vegna viðskiptanna.

Þá heldur stefndi því fram að gjaldþrot Útgerðarfélagsins Fells ehf. hafi ekki verið fyrirsjáanlegt heldur komið óvænt er samningar við kröfuhafa, sem unnið hafi verið að í lok ársins 2003, gengu ekki eftir. Fyrir liggja að á þeim tíma hafi stefndi enn talið grundvöll fyrir rekstri félagsins. Hann hafi leitað eftir fyrirgreiðslu og skuldbreytingum hjá lánastofnunum, leitað leiða til að auka hlutafé félagsins og þá hafi félagið hætt að greiða stefnda laun. Rekstri félagsins hafi verið haldið áfram með óbreyttum hætti og greitt inn á skuldir eftir því sem efni leyfðu.

Í lok ársins 2003 hafi ákveðnir kröfuhafar hins vegar krafist þess að félagið yrði tekið til gjaldþrotaskipta. Í byrjun árs 2004 hafi félagið verið úrskurðað gjaldþrota að kröfu Orkubús Vestfjarða. Tjón kröfuhafanna allra sé síðan afleiðing gjaldþrotsins er eignum félagsins hafi verið ráðstafað á undirvirði til fullnustu veða og rekstrarvirði þess glatast. Þannig hafi fasteign félagsins í Bolungarvík, 1000 fermetrar að stærð, sem talin sé að verðmæti 30.000.000 króna í ársreikningi 2002, verið ráðstafað á hrakvirði til fullnustu veðkröfum.

Samkvæmt framansögðu segir stefndi ekki hafa verið sýnt fram á að hann hafi sem forsvarsmaður félagsins skaðað stefnanda af ásetningi og ekki heldur að hann hafi á gálausan og ólögmetan hátt stofnað til viðskiptanna. Skilyrði skaðbótaréttarins fyrir bótaábyrgð séu því ekki uppfyllt. Ekki liggi fyrir að stefndi hafi brotið gegn skráðum eða óskráðum háttænisreglum í starfi sínu sem forsvarsmaður félagsins þannig að valdið geti bótaskyldu hans gagnvart kröfuhöfum félagsins eftir gjaldþrot þess. Hér verði að líta til þess að um félag með takmarkaða ábyrgð hafi verið að ræða. Varlega verði að fara í að fallast á bótaskyldu forsvarsmanna slíkra félaga sé hinn minnsti vafi á bótaskyldu þar sem bótaskylda fari í eðli sínu gegn grunnhugmyndinni um félag með takmarkaða ábyrgð og þeirri staðreynd að um frjáls viðskipti milli tveggja aðila hafi verið að ræða og ábyrgð stefnda ekki verið áskilin eða henni lofað.

Þá vísar stefndi að lokum til tómlætissjónarmiða en fyrir liggi að um þrjú ár hafi liðið frá viðskiptum aðila þar til skaðabótamál var höfðað.

Verði bætur dæmdar að einhverju leyti krefst stefndi þess að þær verði lækkaðar að álitum vegna meðábyrgðar stefnanda. Stefnandi hafi sýnt af sér sök með því að stofna til viðskiptanna. Fyrir liggi að málatilbúnaður hans byggji á opinberum upplýsingum um fjármál Útgerðarfélagins Fells ehf. sem hann hefði getað kynnt sér áður en viðskiptin komust á, sérstaklega í ljósi þess að árið áður hafði orðið greiðsludráttur í viðskiptum aðila.

Sjónarmiðum stefnanda um vexti segist stefndi mótmæla sérstaklega. Vextir verði ekki dæmdir fyrir en í fyrsta lagi við birtingu stefnu enda ekki ljóst að formleg krafa hafi áður verið sett fram. En þó svo væri ætti eigi að síður að dæma vexti á bótakröfuna samkvæmt ákvæðum vaxtalaga fram að birtingu stefnu og þá dráttarvexti frá þeim tíma, verði dæmt áfall í málinu að einhverju leyti.

#### IV.

Í kafla I hér að framan eru rakin viðskipti stefnanda við Útgerðarfélagið Fell ehf. á árinu 2003. Fyrir liggur að félagið greiddi stefnanda ekki að fullu fyrir þann fisk sem hann lagði upp hjá því á tímabilinu frá júní til ágúst 2003.

Stefndi var eigandi og stjórnarmaður Útgerðarfélagins Fells ehf. Einkahlutafélög eru félög með takmarkaðri ábyrgð þar sem enginn félagsmanni ber persónulega ábyrgð á heildarskuldbindingum félagsins, sbr. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög.

Í skýrslu sem stefndi gaf á fundi 6. febrúar 2004 hjá skiptastjóra í þrotabúi Útgerðarfélagins Fells ehf. kvað hann ástæður gjaldþrots félagsins meðal annars

þær að sumarið 2003 hefði reynt erfiðara að fá keyptan fisk en árið áður og hann verið dýr. Þá hafi gæði fisksins verið minni en áður. Í málinu byggir stefndi ennfrémur á því að gengisþróun á árinu 2003 hafi leitt til versnandi afkomu félagsins. Fá þessar skýringar stefnda að nokkru stoð í gögnum málsins.

Fram kemur í ársreikningi Útgerðarfélagins Fells ehf. fyrir árið 2002 að milli áráanna 2001 og 2002 hafi rekstrartekjur félagsins aukist úr 76.766.372 krónum í 119.521.534 krónur. Ennfrémur jókst hagnaður félagsins af reglulegri starfsemi milli sömu ára úr 179.892 krónum í 1.935.695 krónur. Þá voru fjármagnsgjöld umfram fjármunatekjur á árinu 2001 8.171.469 krónur en 5.749.561 krónur árið 2002.

Fyrir liggur að ekki var gerður ársreikningur Útgerðarfélagins Fells ehf. fyrir árið 2003. Upplýsa framlögð gögn að litlu leyti um rekstur félagsins og stöðu þess fram yfir mitt það ár.

Þó svo upplýst sé í málinu að rekstur Útgerðarfélagins Fells ehf. hafi verið erfiður á árunum 2001 og 2002 þykir að framangreindu virtu ekki verða slegið föstu að stefnda hafi mátt vera ljóst, er til viðskipta stefnanda og Útgerðarfélagins Fells ehf. var stofnað, að hið síðarnefnda gæti ekki staðið við skuldbindingar sínar gagnvart stefnanda vegna fiskkaupanna.

Samkvæmt framansögðu hefur stefnanda ekki tekist að sanna að stefndi hafi, sem fyrirvarsmaður og eigandi Útgerðarfélagins Fells ehf., sýnt af sér saknæma háttsemi í skilningi skaðabótaréttar sem leitt hafi til þess tjóns er stefnandi varð fyrir við að fá ekki að fullu greitt fyrir fisk sem hann lagði upp hjá félaginu árið 2003. Verður stefndi því sýknaður af öllum kröfum stefnanda í málinu.

Með vísan til úrslita málsins, sbr. 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, dæmist stefnandi til að greiða stefnda málskostnað. Við ákvörðun málskostnaðar er sérstaklega litið til þess að samhliða þessu máli var rekið annað sambærilegt mál á hendur stefnda og var lögmaður stefnanda lögmaður stefnanda í báðum málunum. Að því athuguðu telst málskostnaður hæfilega ákveðinn svo sem í dómsorði greinir.

Dóm þennan kveður upp Kristinn Halldórsson, settur héraðsdómari.

## **D Ó M S O R Ð:**

Stefndi, Björgvin Bjarnason, skal sýkn af öllum kröfum stefnanda, Útgerðarfélagins Arkarinnar sf., í málinu.

Stefnandi greiði stefnda 200.000 krónur í málskostnað.

Kristinn Halldórsson